



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur 18. júní 2019

Ákvörðun nr. 20/2019

## **Kaup Öskju ehf. á hluta af rekstri Bernhards ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Með bréfi dags. 10. maí 2019, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Bílaumboðsins Öskju ehf. (Askja) á rekstri umboðs fyrir Honda bifreiðar á Íslandi af Bernhard ehf. (Bernhard). Í kaupunum fylgdu vörubirgðir nýrra bifreiða, varahlutir og tiltekið lausafé, auk þess sem að Askja skuldbatt sig til að taka yfir tiltekna skuldbindingar, t.a.m. vegna ráðningarsamninga, pantana og leigusamninga. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a. laganna. Þótt samruni þessa máls varði fyrirhugaða sölu á hluta af rekstri Bernhards, en ekki félagið sjálft, er vísað til Bernhards og Öskju sem samrunaaðila í ákvörðun þessari.

Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá í samræmi við 1. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005. Um svokallaða styttri samrunatilkynningu var að ræða skv. 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga, sbr. viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum. Eftirlitið mat þá skrá fullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið óskað gagna og upplýsinga frá samrunaaðilum. Samkeppniseftirlitið hefur einnig haft samskipti við aðila sem kunna að verða fyrir áhrifum af samrunanum, sem og leitað til opinberra stofnana vegna tölulegra gagna. Verður vísað til þessara upplýsinga við úrlausn málsins eftir því sem ástæða þykir til.

### **II.**

#### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hverju samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt. Í þessu tilviki felst samruni í kaupum á hluta af rekstri annars fyrirtækis.



## 1. Samrunaaðilar

Í samrunaskrá kemur fram að allt hlutfé í Bílaumboðinu Öskju er í eigu félagsins Top ehf. Það félag er í eigu félaganna Rauðkúlu ehf. (26,6%), Hlíðar ehf. (24,99%), F. Bergsson ehf. (21,71%) og Hanson Inv. Co. ehf. (19,54%). Aðrir hluthafar eiga minna.

Félögin Rauðkúla ehf. og Hlíð ehf. eru að endingu í eigu eignarhaldsfélags hjónanna Hjörleifs Þórs Jakobssonar og Hjördísar Ásberg sem fara með yferráð yfir Öskju. Samkvæmt uppgefnum upplýsingum fara þau ekki með yferráð yfir öðrum tengdum atvinnurekstri. Þau fara einnig með yferráð yfir meirihluta í Krókhálsi 11 ehf. og Krókhálsi 13 ehf. sem eiga samnefndar fasteignir þar sem starfsemi Öskju fer fram.

Bílaumboðið Askja er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í innflutningi, sölu og þjónustu á bifreiðum frá Mercedes-Benz og Kia. Fyrirtækið er til húsa að Krókhálsi, Reykjavík, þar sem meðal annars er rekið bifreiðaverkstæði, varahlutapjónusta og sýningarsalir fyrir fólksbifreiðar.

Í samrunaskrá segir að Bernhard sé fjölskyldufyrirtæki í eigu Eddu Gunnarsdóttur, Guðmundar Geirs Gunnarssonar, Gylfa Gunnarsson, Rögnu Gould-Gunnarsdóttur, Gunnars Bernhards Guðjónssonar og Sigríðar Guðmundsdóttur, sbr. nýjasta ársreikningi félagsins. Samkvæmt upplýsingum frá samrunaaðilum urðu breytingar á eignarhaldi Bernhard nýlega sem hafa þó ekki áhrif á efnislegt mat samrunans.

Samkvæmt samrunaskrá Bernhard á eitt dótturfélag, BEA fasteignir ehf., Vatnagörðum 24 Reykjavík. Þá á Bernhard 48% hlut í Innnes-hús ehf. Bæði félögin eru fasteignafélög. Fylgja þau ekki með í kaupunum og verða áfram eign Bernhard.

Bernhard er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í innflutningi, sölu og þjónustu á bifreiðum og öðrum tækjum frá Honda. Fyrirtækið er til húsa að Vatnagörðum í Reykjavík þar sem meðal annars er að finna bifreiðaverkstæði og sýningarsal fyrir Honda bifreiðar.

## 2. Markaðir málsins

Í samrunaskrá segir að félögin hafi hvort um sig starfað við innflutning og sölu á nýjum bifreiðum auk þess sem félögin selja notaðar bifreiðar. Er sölustarfsemi félaganna fyrst og fremst á Íslandi. Askja hefur farið með umboð fyrir Mercedes-Benz og Kia. Bernhard hefur hins vegar farið með umboð fyrir Honda. Í meginatriðum er vöruframboð beggja fyrirtækja sambærilegt, að því leyti að samrunaaðilar flytja inn allt frá smábílum til jeppa. Þá flytur Askja einnig inn stærra bifreiðar svo sem vörubifreiðar og langferðabifreiðar af Mercedes-Benz gerð. Að mati samrunaaðila falla slíkar bifreiðar ekki undir þann markað sem samruninn hefur áhrif á enda eru stórar atvinnubifreiðar ólíkar fólksbifreiðum, auk þess að Bernhard selur ekki stærra bifreiðar. Hið sama á við um innflutning Bernhards á mótorhjólum, fjórhjólum, sláttuvélum, rafstöðum og utanborðsmótorum, Askja selur ekki slíka vöru.

Samrunaaðilar selja báðir einnig notaðar bifreiðar. Telja samrunaaðilar mögulegt að skipta markaðnum eftir því hvort um sé að ræða nýjar eða notaðar bifreiðar. Að mati samrunaaðila hefur það þó ekki sérstaka þýðingu að fjalla um markað fyrir notaðar bifreiðar eins og málum er háttað, enda séu þær notuðu bifreiðar sem samrunaaðilar selja af öllum



gerðum en ekki bundnar við þau vörumerki sem samrunaaðilar hafa umboð fyrir. Í kjölfar samrunans muni Bernhard auk þess halda eftir tilteknum eignum svo sem fasteignum sem séu í eigu Bernhard, vörubirgðum notaðra bifreiða, útstandandi viðskiptakröfum og bílaleigu sem rekin sé af Bernhard.

Að mati samrunaaðila standa rök ekki til þess að skipta markaðnum fyrir nýjar fólksbifreiðar á Íslandi upp í undirmarkaði þar sem samruni sá sem hér er um að ræða taki til tveggja bifreiðumboða sem hvort fyrir sig flytur inn bifreiðar sem falla í flesta þá flokka sem um sé að ræða. Askja kaupir umboð Bernhard fyrir Honda á Íslandi í heild sinni. Askja muni því geta boðið upp á allar tegundir Honda bifreiða í kjölfar samrunans.

Samrunaaðilar reka báðir þjónustuverkstæði þar sem veitt er viðgerðarþjónusta fyrir þær bifreiðar sem fluttar eru inn af samrunaaðilum. Að mati samrunaaðila er um að ræða aðskilinn markað frá innflutningi og sölu nýrra bifreiða. Kaupendur nýrra og notaðra bifreiða geti keypt viðgerðarþjónustu frá þeim þjónustuaðilum sem þeir kjósi, enda starfi fjöldi bifreiðaverkstæða á markaðnum sem veiti í grundvallaratriðum áþekka þjónustu. Þó sé rétt að geta þess að nýjar og nýlegar bifreiðar sem fluttar hafi verið inn af samrunaaðilum, geti fallið úr ábyrgð ef viðhaldi, svo sem þjónustuskoðunum, er ekki sinnt. Þá sé einnig hætt við því að bifreiðar falli úr ábyrgð ef viðhaldi og viðgerðum sé ekki sinnt með réttum hætti. Fyrir eigendur bifreiða sem fluttar hafa verið inn af samrunaaðilum og eru enn í ábyrgð, sé því öruggast að láta þjónustuverkstæði samrunaaðila sinna viðhaldi og viðgerðum, eða leita til verkstæða sem hlotið hafa viðurkenningu sem þjónustuverkstæði fyrir Kia, Mercedes-Benz eða Honda. Viðurkennd þjónustuverkstæði séu ekki aðeins þau verkstæði sem rekin eru af samrunaaðilum, heldur sé einnig um að ræða verkstæði sem rekin eru af þriðju aðilum, en hafa hlotið viðurkenningu sem þjónustuverkstæði. Er þar um að ræða verkstæði sem uppfylla skilyrði og staðla sem Askja setur í samráði við framleiðendur umræddra bifreiða m.t.t. tækja, búnaðar og varahluta. Samkvæmt upplýsingum frá Öskju sé þó ekki sjálfgefið að viðgerðir eða viðhald sem ekki sé sinnt af viðurkenndum þjónustuverkstæðum leiði til þess að bifreiðar falli úr ábyrgð.

Samkeppniseftirlitið telur að til álita geti komið að viðhald og viðgerðir ákveðinna bifreiðamerkja af hendi verkstæða sem hlotið hafa viðurkenningu til slíkra verka, geti talist sérstakur markaður. Ekki er tilefni til þess að taka afstöðu til þessa, eins og mál þetta horfir við.

Um landfræðilega markaði segir í samrunaskrá að markaðurinn fyrir verkstæðisþjónustu sé minni en landið allt. Verkstæði samrunaaðila séu á höfuðborgarsvæðinu og gera megi ráð fyrir að markaðurinn fyrir verkstæðisþjónustu samrunaaðila sé höfuðborgarsvæðið og hugsanlega nærliggjandi sveitarfélög. Utan höfuðborgarsvæðisins sé að finna aðra viðurkennda þjónustuaðila sem sinnt geta viðhaldi og viðgerðum Kia, Mercedes-Benz og Honda.

Þorri tekna samrunaaðila af sölu nýrra bifreiða er á Íslandi. Þó að samrunaaðilar hafi ekki söluskrifstofur um allt land telja samrunaaðilar ekki ástæðu til þess að skipta Íslandi í smærri landfræðilega markaði.

Að mati samrunaaðila séu því hinir skilgreindu markaðir sem málið varði annars vegar innflutningur og sala á nýjum bifreiðum og hins vegar sala á þjónustu í gegnum



bifreiðaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu þar sem veitt sé viðgerðarþjónusta við þær bifreiðar sem fluttar séu inn af samrunaaðilum. Þá sé ætlað að landfræðilegur markaður innflutnings og sölu nýrra bifreiða sé Ísland allt.

Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að skilgreina markaði málsins með öðrum hætti eða ítarlegri en gert er af hálfu samrunaaðila. Þó er vakin athygli á að rök geta staðið til þess að afmarka markaði og undirmarkaði nánar, s.s. eftir notagildi bifreiða.<sup>1</sup> Þá standa ekki rök til þess að gera athugasemdir við sjónarmið samrunaaðila þess efnis að landfræðilegur markaður viðhalds og viðgerða á bifreiðum, sem veitt er af samrunaaðilum sjálfum en ekki viðurkenndum þjónustuaðilum, sé höfuðborgarsvæðið og nærliggjandi sveitarfélög.

### 3. Staða samrunaaðila á mörkuðum málsins

Samrunaaðilar halda því fram í samrunaskrá að nota megi gögn um nýskráningar bifreiða til þess að áætla markaðshlutdeild aðila á markaðnum þar sem áhrifa samrunans gætir, þ.e. markaðnum fyrir sölu á nýjum bifreiðum á Íslandi. Samkvæmt samrunaskrá eru samrunaaðilar með [ ]% samanlagða markaðshlutdeild.

Samkeppniseftirlitið leitaði til Samgöngustofu til staðfestingar á stöðu samrunaaðila á markaði með innflutning á nýskráðum fólksbifreiðum. Samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu skiptist markaðshlutdeild í innflutningi nýrra fólksbifreiða milli keppinauta með eftirfarandi hætti:

Umboð	2018	2017	2016
Askja	[ ]%	[ ]%	[ ]%
Bernhard	[ ]%	[ ]%	[ ]%
<b>Samrunaaðilar samtals</b>	<b>[ ]%</b>	<b>[ ]%</b>	<b>[ ]%</b>
BL	[ ]%	[ ]%	[ ]%
Toyota	[ ]%	[ ]%	[ ]%
Hekla	[ ]%	[ ]%	[ ]%
Brimborg	[ ]%	[ ]%	[ ]%
Suzuki	[ ]%	[ ]%	[ ]%
Bílabúð Benna	[ ]%	[ ]%	[ ]%
ÍS-BAND	[ ]%	[ ]%	[ ]%

Umræddar tölur endurspeglar þó ekki heildarmagn innflutnings nýrra fólksbifreiða. Nýjar fólksbifreiðar eru einnig fluttar inn „fram hjá“ bifreiðaumboðum, þ.e.a.s. af einstaklingum sjálfum eða aðilum sem stunda þann atvinnurekstur að flytja inn nýjar bifreiðar sem keyptar eru af umboðsaðilum erlendis. Í ljósi málavaxta er þó ekki grundvöllur fyrir frekari athugun á mögulegum áhrifum af innflutningi fólksbifreiða fram hjá umboðum, á hlutdeild samrunaaðila á markaði fyrir innflutning nýrra fólksbifreiða.

<sup>1</sup> Markaði fyrir fólksbíla kann að vera skipt upp í samræmi við þrengri skilgreiningar, svo sem eftir því hvort um er að ræða smábíla eða lúxussbifreiðar. Í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. IV/M.1519 - RENAULT / NISSAN, kemur fram að með vísan til fyrri fordæma megi skipta markaði fyrir fólksbíla a.m.k. í 9 flokka.



Svo sem að framan greinir reka samrunaaðilar eigin þjónustuverkstæði á höfuðborgarsvæðinu þar sem veitt er viðgerðarþjónusta við þær bifreiðar sem fluttar eru inn af samrunaaðilum. Utan höfuðborgarsvæðisins geta eigendur Kia, Mercedes-Benz og Honda bifreiða leitað til annarra viðurkenndra þjónustuaðila um viðhald og viðgerðir. Samkvæmt upplýsingum frá samrunaaðilum stendur til að þjónustuverkstæði samrunaaðila fyrir Honda bifreiðar muni flytjast að Krókhálsi, þar sem Askja er með aðsetur. Verður þjónustuverkstæði Honda flutt í heild sinni, ásamt tækjabúnaði og starfsmönnum. Því er ekki gert ráð fyrir því að þjónusta við eigendur Honda bifreiða taki breytingum á höfuðborgarsvæðinu. Þjónusta við eigendur Kia og Mercedes-Benz bifreiða á höfuðborgarsvæðinu tekur heldur ekki breytingum. Þá er gert ráð fyrir því að verkstæðum sem hljóta viðurkenningu sem þjónustuverkstæði sem sinnt geta viðhaldi og viðgerðum á Honda bifreiðum, utan höfuðborgarsvæðisins, fjölgi. Er ástæða þess sú að viðurkennd þjónustuverkstæði fyrir þau merki sem Askja hefur verið með umboð fyrir, hafa verið fleiri en fyrir Honda bifreiðar. Askja hefur í hyggju að stuðla að því að fjölga viðurkenndum þjónustuverkstæðum fyrir Honda bifreiðar, svo eigendur Honda bifreiða standi jöfnum fótum á við eigendur Kia og Mercedes-Benz bifreiða er varðar viðhald og viðgerðir sem sinnt er af viðurkenndum þjónustuverkstæðum.

Samkvæmt samrunaskrá hafa samrunaaðilar ekki ítarlegar upplýsingar um markaðshlutdeild sína í verkstæðisþjónustu, en telja hana mun lægri en markaðshlutdeild í sölu nýrra bifreiða. Skýrist sú afstaða m.a. af þeim fjölda verkstæða er starfa á Íslandi öllu, sem og þeim landfræðilega markaði bifreiðaverkstæða sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt tölulegum upplýsingum um veltu bifreiðaverkstæða á höfuðborgarsvæðinu, sem Samkeppniseftirlitið aflaði frá Ríkisskattstjóra, má enn fremur álykta að hlutdeild samrunaaðila á markaði fyrir almenna verkstæðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu sé ekki slík að ástæða sé til að rannsaka þann þátt frekar.

Samkeppniseftirlitið telur áþekka niðurstöðu einnig eiga við um þjónustu við nýjar og nýlegar bifreiðar af þeim tegundum sem samrunaaðilar hafa flutt inn, enda er hluti af þeim bifreiðum í notkun og sækja eigendur þeirra sér þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Í þeim tilfellum eru umræddar bifreiðar oftast en ekki þjónustaðar af hinum svokölluðu viðurkenndu þjónustuverkstæðum en ekki samrunaaðilum.

### III.

#### Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Í þessu máli er um að ræða samruna fyrirtækja sem starfa að nokkru leyti til á sömu eða tengdum mörkuðum. Starfsemi sú er mál þetta varðar er annars vegar innflutningur og sala nýrra bifreiða, sem fer fram á landinu öllu. Hins vegar er um að ræða viðgerðarþjónustu fyrir bifreiðar, sem fram fer á höfuðborgarsvæðinu og í nærliggjandi sveitarfélögum.



Að gögnum málsins virtum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að kaup Bílaumboðsins Öskju á rekstri umboðs fyrir Honda bifreiðar á Íslandi leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

#### **IV.**

##### **Ákvörðunarorð**

***„Kaup Bílaumboðsins Öskju ehf. á rekstri umboðs fyrir Honda bifreiðar á Íslandi fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“***

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson